

Hverfisráð Raufarhafnar
10.janúar 2024

Mætt voru: Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Reynir Þorsteinsson og Margrét Rögnvaldsdóttir. Nanna Höskuldssóttir ritaði fundargerð. Einnig var mætt Katrín Sigurjónsdóttir sveitastjóri og er henni þakkað sérstaklega fyrir komuna.

1. Kosning formanns hverfisráðs Raufarhafnar.

Hverfisráð byrjar fundinn á að kjósa formann. Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir kosin formaður samhljóða.

2. Húsnæðisáætlun: Katrín fór yfir drög að nýrri húsnæðisáætlun Norðurþings, og var hún lögð fyrir nefndarmenn.

Hverfisráð lýsir ánægju sinni með þá breytingu sem orðið hefur á áætlunin frá fyrri árum, þar sem sérstakur dálkur er fyrir alla þéttbýlisstaði. Í áætluninni segir: „Á árinu 2024 ætlar skipulags- og framkvæmdaráð að láta vinna skipulagstillögu vegna gerðar nýs deiliskipulags fyrir íbúðarsvæði á Raufarhöfn, þegar byggt svæði með þéttingu í huga“. Hverfisráð gerir kröfu um að þessi vinna fari af stað sem allra fyrst og ljúki á fyrrihluta ársins 2024. Huga þarf sérstaklega að lóðum fyrir allar gerðir húsa þ.e einbýli, raðhúsum, parhúsum og tvíbýli. Einnig þarf að huga að lóðum fyrir iðnaðarhúsnæði.

Samhliða hvetur hverfisráð, Norðurþing til að skoða alla mögulega kosti með HMS er varðandi uppbyggingu á húsnæði fyrir tekjulága og eignarminni einstaklinga sem og eldri borgara sem vilja minka við sig, en hafa ekki í önnur hús að fara.

Í þessu samhengi má skoða hina ýmsu möguleika HMS. Bríet, Brák, stofnframlög og eða annað sem stofnunin býður uppá.

3. Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, Norður Melrakkaslétta. Kynningar fundur landeiganda.

Umhverfisstofnun vill Norður Melrakkaslétta undir framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrá. Hverfisráð ræddi fundinn og tengd mál.

Nánari upplýsingar má finna hér:

Upptaka af kynningu og fl:

<https://ust.is/nattura/framkvaemdaaaetlun-natturuminjaskrar/nordur-melrakkasletta/>

Frekari upplýsingar um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár:

<https://ust.is/nattura/framkvaemdaaaetlun-natturuminjaskrar/hvad-er-framkvaemdaaaetlun-natturuminjaskrar/>

Upplýsingar um ferli fridlýsingar:

<https://ust.is/nattura/fridlysingar/ferill-fridlysinga/>

4. Gámasvæði Raufarhafnar.

Nú í byrjun árs kom auglýsing frá sveitarfélaginu um að ekki væri lengur opið í ruslaporti þorpsins á laugardögum. Því er einungis opið á miðvikudögum frá 15:00-17:00 og á föstudögum frá 13:00-15:00. Þetta er að mati hverfisráðs of lítið.

Á Íbúafundi um mitt ár 2023 var talað um að setja manngengt hlið. Hverfisráð hvetur Norðurþing til að ganga sem allra fyrst í það mál að setja upp þetta hlið til að koma til móts við íbúa.

5. Jarðhitaleit á og við Raufarhöfn.

Jarðhitaleitaráttak er hafið fyrir tilstilli umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og hefur ráðuneytið staðfest tillögur stjórnar Orkusjóðs um úthlutun styrkja til verkefna um leit og nýtingu jarðhita. Ef kort Íslenskra orkurannsókna er skoðað sést bersýnilega að sáralítið hefur verið rannsakað á Melrakkasléttu og eru þær holur sem þegar hafa verið boraðar frekar grunnar. Það hafa verið gríðarleg þróun í borun á heitu vatni undafarin ár, og má til marks nefna að aldrei var talið að heitt vatn mundi finnast á Ásskrúðssandi eða á Stykkishólmi en raunin var önnur.

Hverfisráð hvetur Byggðaráð til að vísa erindinu til Orkuveitunnar og sótt um í Orkusjóð næstkomandi vor. Það er fá heitt vatn á Raufarhöfn mundi án efa breyta öllu fyrir staðinn til framtíðar.

Fréttir sem tengjast málinu:

https://www.bbl.is/frettir/nytt-jardhitaleitaratak-i-pipunum?fbclid=IwAR0fENynC0_oHWKtR_ICyBuENY1Qy9jTgKW0jeKUFWF6jdyaqS2OI4899IA

<https://www.vestfiridir.is/is/moya/news/borad-eftir-heitu-vatni-a-galmastrond>

6. Vindorkuver við Hnotastein.

Vindorkuáform rædd, íbúar hafa á síðustu vikum, margir hverjir lent í úrtaki skoðanakannana hjá bæði Maskínu og Félagsvísindastofnun. Hverfisráð mun fylgjast með niðurstöðum þeirra kannana og koma á framfæri við íbúa. Hnotasteinn er inná Rammaáætlun og er í rannsóknarfasa.

https://vefskrar.orkustofnun.is/Raforkueftirlit/Rammaaaetlun/Rammaaetlun_4_afangi/Stada_Innsendra_virkjunarkosta_til_medferdar_hja_Orkustofnun_i_Rammaaaetlun/R4303A_Hnotasteinn_Quadran_Iceland_Development.pdf

Margrét Röggvalsdóttir óskar bókað:

Vinmyllugarður á ekki heima í ósnortinni náttúru og víðáttu. Melrakkaslétta er þannig staður. Það verða náttúruspjöll, mengun og fugladauði, ef Norðurþing samþykkir að vinmyllugarður verður reistur á Sléttunni.

Það er yfirlýst markmið og framtíðasýn sveitarfélagsins að allt þetta svæði verði ferðamannasvæði og byggji framtíðartekjur sínar á því. Þannig að ef reistur verður vindmyllugarður þá er það í mótsögn við þau markmið. Það er fyrirséð í næstu framtíð að það er ekkert sem kallar á mikla orku á þessu svæði þannig að þessi orka færi bara inn á hringrásarkerfið. Auk þess vantar alla innviði, línur, staura og vegi þvert og kruss á svæðinu. Það er hægt að sjá slíkt umhverfi á myndum frá Noregi. Núna er sagt að þetta eigi að vera 33 myllur. En á kynningarfundum á sínum tíma var tala um að svæði myndi bera allt að 100 myllur, að þeirra mati, þannig það er ljóst að það væri framtíðarsýnin.

Margrét er alfarið á móti vindmyllugarði á Sléttu og vill að Norðurþing komi í veg fyrir að hann verði reistur á Melrakkasléttu.

7. Skólamál á Raufarhöfn.

Til upplýsinga fyrir hverfiráð fór sveitastjóri lauslega yfir mál starfshóps um framtíðar fyrirkomulag grunnskóla þjónustu á Raufarhöfn, sem er að störfum og skilar af sér 4. febrúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:35

Undirritunarsíða

Fundargerð Hverfisráðs
Reynir Þorsteinsson

Fundargerð Hverfisráðs
Margrét Rögnvaldsdóttir

Fundargerð Hverfisráðs
Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir